



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Óskað er eftir umsóknum frá sveitarfélögum um framlag úr ríkissjóði til að standa straum af hluta kostnaðar sveitarfélaga vegna barna/ungmenna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir sem vistuð hafa verið utan heimilis árið 2020 á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Eins og fram kemur í frumvarpi því er varð að lögum nr. 38/2018 hefur verið gert ráð fyrir árlegu fjármagni úr ríkissjóði sem miðar við að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna 8-12 barna sem tilheyra þessum hópi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum telja sveitarfélög þennan hóp vera mun stærri.

Félagsmálaráðuneytið hefur því ákveðið að úthlutun fjármagns fyrir árið 2020 verði bundinn við börn/ungmenni sem vegna fötlunar sinnar þurfa annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra á grundvelli þess að barn/ungmenni sé hættulegt sjálfu sér eða umhverfi sínu. Meðtalin eru þá börn og ungmenni sem dæmd hafa verið til vistunar í sértækum úrræðum á vegum sveitarfélaga á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Framlagið verður hutfall af heildarkostnaði vegna hvers barns sem fellur undir ofangreint og mun fjárhæð greiðslu til hvers sveitarfélags ráðast af heildarfjölda umsókna/heildarfjárhæð kostnaðar.

Umsóknarfrestur er til 12. janúar 2021. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið: frn@frn.is

Upplýsingar sem þurfa að fylgja:

[nafn sveitarfélags].

[dags. umsóknar].

SIS númer barns og/eða ungmennis (ungmenni: aldur 15 til 25 ára)

Nr. dóms ef við á.

Niðurstaða áhættumats/HRC mats ásamt uppl. um hvenær áhættumatið var framkvæmt og af hverjum.

Dvalarstaður barns/ungmennis.

Sundurliðaður kostnaður vegna vistunar 2020:

- a. launakostnaður
- b. annar sundurliðaður kostnaður.

Um er að ræða einskiptisaðgerð vegna ársins 2020. Í framhaldi af úthlutuninni er gert ráð fyrir að fram fari frekari vinna innan félagsmálaráðuneytisins vegna framkvæmdar kostnaðarþátttöku ríkisins fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að vinna sérfræðingateymis skv. 20. gr. laga nr. 38/2018 verði leiðandi í því verkefni en áætlað er að teymið hefji formlega störf í byrjun janúar nk. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdin verði tekin til skoðunar af starfshópi um endurskoðun laga nr. 38/2018 sem skipaður verður í janúar 2021.